

## 7. Stjórnarfundur FORMA 2011 – 2012

Dags: 12. apríl 2012

Tími: kl. 16:30

Staður: Gamli skóli

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Helgi Þ. Svavarson, Ólína Freysteinsdóttir, Ómar Pétursson, Sigrún Birna Sigtryggsdóttir og Steinunn Benna Hreiðarsdóttir.

### 1. Fundarsetning

Helgi Þ. Svavarson setti fundinn og stjórnaði honum.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Ein athugasemd og það lagfært.

### 3. Forvarnardagur

FORMA verður miðvikudaginn 25. apríl kl. 20:00 - 22:00 í Kvosinni í MA.

Yfirskrift dagsins er: Fordómar og staðalmyndir.

Fyrirlesarar eru Helgi Þorbjörn Svavarsson, verkefnastjóri hjá

Símenntunnarmiðstöð Eyjafjarðar og Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

Ákveðið að hafa sama hátt á og verið hefur, að hringja í foreldra/forráðamenn 1. bekkina 22. og 23. apríl.

### 4. Skálaferðir 1. bekkina

Helgi lagði fram yfirlit um innheimtu fyrir skálaferðir 1. bekkina og stóð það í -13.454 kr. Sótt verður um styrk til skólans fyrir því.

### 5. Önnur mál

1. Helgi fór á fulltrúaráðsfund Heimilis og skóla og greindi frá því að formanni Heimilis og skóla er umhugað um að efla foreldrafélög framhaldsskólanna. FORMA er virkt félag í samanburði við önnur foreldrafélög.
2. Rætt að um nauðsyn þess að FORMA fái bankareikning svo unnt sé að inna af hendi greiðslur t.d. í tengslum við forvarnardaginn.
3. Fyrirspurn frá staðarhaldara félagsheimilis í nágrennasveit rædd en hún ekki talin heyra undir FORMA. Staðarhaldara verður greint frá því en um leið áréttað að FORMA leggi áhersla á að áfengi sé ólöglegt fyrir yngri en 20 ára.
4. Rætt um ábendingu frá foreldri sem gagnrýndi val á fræðslu sem var í boði á Ratatoskum. Ákveðið að senda fyrirspurn til skólayfirvalda MA varðandi það.

Næsti fundur er ákveðinn 10.5.2012, kl. 16.30, á sama stað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17:35.

Drífa Þorgrímsdóttir ritari

